




Kópavogsbær

ONE 23111613

Skipulagslýsing

Fyrir nýtt deiliskipulag Ásbrautar
Lýsing á skipulagsverkefni

Lýsing unnin samkvæmt skipulagslögum nr 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013



12 júlí 2024



Efnisyfirlit

1. Viðfangsefni og markmið.....	3
2. Lýsing á staðhættum	4
3. Tengsl við aðrar áætlanir	5
4. Kynning og samráð	8
5. Viðhengi.....	9




1. Viðfangsefni og markmið

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags Ásbrautar skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar.

Markmið deiliskipulagsvinnunnar er:

- Bæta hjólaleið milli Fossvogs og Hamraborgar, tengja milli sveitarfélaga.
- Bæta gönguleiðir og þar með öryggi gangandi vegfarenda.
- Fegra ásýnd götu og lóða.
- Greiða fyrir uppsetningu hleðslustöðva.
- Festa útivistarsvæði í sessi.



Mynd 1. Skipulagssvæðið er afmarkað með hvítri punktalínu á skematískan hátt.

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið og því er um að ræða nýtt deiliskipulag.

Skipulagslýsing er eins konar verkáætlun um móttögu tillögu að verulegri breytingu eða endurskoðun á gildandi skipulagi þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.



2. Lýsing á staðháttum

Deiliskipulagssvæðið er um 2,6 hektara og nær yfir göturými Ásbrautar og Hábrautar. Einnig tekur skipulagssvæðið til fjölbýlishúsalóða við Ásbraut 3-21 og opið svæði við Hábraut. Við Ásbraut standa 4-5 hæða fjölbýlishús sem voru byggð á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Ein spennistöð er milli Ásbrautar 9 og 11. Við hana eru 13 bílastæði á bæjarlandi. Eingöngu er gangstétt vestan megin við Ásbraut. Á Ásbraut er yfirborðsmerkingar fyrir hjólreiðar (máluð hjólrein í suður, hjólavísar í norður). Vestan Ásbrautar, syðst á skipulagssvæðinu er útivistarsvæði með gervigrasvelli, körfuknattsleikvelli og leiksvæði.

Svæðið hallar til norðurs og er hæst 35 m.y.s.



Mynd 2. Skipulagssvæðið er afmarkað með hvítri punktalínu á skematískan hátt.



3. Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áherslna og stefnumiða í m.a. eftirfarandi stefnum.


Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040

Bætt tenging fyrir gangandi og hjólandi og fegrun götummyndar samræmist markmiðum svæðisskipulagsins varðandi skilvirkar samgöngur, gæði byggðar og sjálfbæra þróun.

Stofnleiðir vega, almenningsamgangna, göngu og hjólreiða eiga að mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stærri hverfiseiningar þeirra vel saman. Þessi stofnkerfi eru samþætt þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að nota fleiri en einn ferðamáta í hverri ferð kjósi þeir það.

Hjólástigur yfir Kópavogsháls er skilgreindur sem stofnstigur í hjólaneti höfuðborgarsvæðisins.

Skilgreining og uppbygging stofnstíganets hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu er hluti af samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Vegagerðin fara með það hlutverk að skipuleggja og framkvæma uppbyggingu stofnstíganetsins.



Mynd 3. Lykilleiðir hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu. Uppbygging er þegar hafin í nágrennasveitarfélögum Kópavogs.

Leiðbeiningar um hönnun fyrir hjólreiðar sem unnar voru í samræmi við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og skipulagsáætlana allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu verða hafðar til hliðsjónar.



Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru sett fram margvísleg markmið og leiðir um breyttar ferðavenjur og uppbyggingu innviða fyrir vistvænni ferðamáta. Stofnstíganet hjólreiða er skilgreint í aðalskipulagi þar sem gert ráð fyrir stofnstíg hjólreiða yfir Kópavogsháls í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Markmið aðalskipulags um samgöngukerfi eru m.a:

- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum og möguleikar fólks til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta auknir. Um leið verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið í samræmi við heimsmarkmið 9.1. um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Gæði innviða fyrir vistvænni ferðamáta verða aukin og reynt að samþætta þá, hvort sem um er að ræða aðstöðu gangandi, hlaupandi, hjólandi vegfarenda eða notenda almenningsgangna.
- Að bjóða upp á fjölbreytta og vistvæna ferðamáta á öruggan hátt fyrir alla vegfarendur með hliðsjón af heilsu manna og vistkerfisins án þess að ganga á tækifæri komandi kynslóða í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða og hjóla og göngustígar verði aðskildir á stofnleiðum

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019 -2040 er landnotkun skilgreind sem íbúðarsvæði, opið svæði (Op1. 1. 1) og miðsvæði. Einnig liggur göngu- og hjólastígur um Ásbraut.




Mynd 4 Landnotkunaruppráttur úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040



Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir

Nýtt deiliskipulag Ásbrautar yfir ódeiliskipulagt svæði, en skarast mögulega við deiliskipulag fyrir vesturhluta miðbæjar Kópavogs, samþykkt 10.04.1997. Mörk þess deiliskipulags verða aðlöguð að nýju deiliskipulags Ásbrautar.



Mynd 5 Yfirlit yfir deiliskipulögð svæði



4. Kynning og samráð

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að deiliskipulagi.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum eftir samþykkt í bæjarstjórnar. Umsagnaraðilum og almenningi er gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og helstu tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

Júlí 2024	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsráð skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 og afgreidd í bæjarstjórn.
Júlí 2024	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi
Ágúst- september2024	Samráð við íbúa og hagsmunaaðila (opið hús/kynningarfundur, samráðsfundur með íbúum Ásbrautar o.s.frv.
September 2024	Forkynningartillaga kynnt skv. 3. mgr. 40 gr skipulagslaga og afgreidd í bæjarstjórn.
Október 2024	Tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Nóvember 2024	Skipulagsráð ásamt bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagið og auglýsir skipulagið í kjölfarið í B - deild Stjórnartíðinda skv. 41 gr. skipulagslaga.

5. Viðhengi

Myndin sýnir samhengi við fyrri, yfirstandandi og væntanlegar framkvæmdir á sama stíg milli sveitarfélaga.

VSÓ RÁDGGJÖF
ÁSBRAUT - DEILISKIPULAG

Aðdragandi:

Stofnstigur hjóleiða milli sveitarfélaga

Verið er að aðskilja stíga meðfram Kringlumýrarbraut við Suðurhlíðar í Reykjavík.

Stígar voru aðskildir frá Fossvogi að Kársnesbraut og hjólaleið gerð eftir Kársnesbraut 2014-2017.

Hjólreið og hjólaáætlað mál á Ásbraut 2014

Verið er að athuga hvert framtíðarfyrikomulag Borgarlínu og stíga gæti orðið.

Stefnt er að aðgreina hjóla og göngustíga um Kópavogsháls á næstu misserum.

Unnið er að verkhönnun stígs um botn Kópavogs og Garðabæ að Arnarnesvegi.

Búið er að gera göng undir Arnarnesveg.